

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest, svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

58. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

59. gr.

Til þess að gera breytingar á samþykkt þessari þarf umræður á tveimur fundum í bæjarstjórn, samþykki meirihluti greiddra atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Njarðvíkurkaupstaðar hefur sett, samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt um stjórn bæjarmála Njarðvíkurkaupstaðar nr. 99/1976 með síðari breytingum.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. október 1990.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Pórhildur Líndal.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á mörkum Ölfushrepps og Hveragerðisbæjar.

Á grundvelli 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 hefur félagsmálaráðuneytið, hinn 16. október 1990, staðfest breytingu á mörkum Ölfushrepps og Hveragerðisbæjar, sbr. samkomulag, dagsett 17. maí 1990, milli sveitarstjórna framangreindra sveitarfélaga. Í samkomulaginu segir m.a. svo: „Með vísan til meðfylgjandi uppdráttar, sem skoðast hluti samkomulags þessa, skulu ný mörk sveitarfélaganna vera þannig að neðangreindar landspildur teljist innan marka Hveragerðisbæjar frá undirritun samkomulags þess að telja:

1. Hluti úr landi Öxnalækjar, sem afmarkast að norðaustanverðu af fyrri sveitarfélagsmörkum við Þorlákshafnarveg og Varmá að suðaustanverðu.
2. Hlutar úr landi Stóra-Saurbæjar, Litla-Saurbæjar og Þúfu, sem afmarkast að norðvestan af línu dreginni í framhaldi vegkants Þjóðveggar nr. 1, Suðurlandsveggar (sjá uppdrátt), að norðaustan af landamörkum Vorsabæjar og Öxnalækjar, að suðaustan af Þorlákshafnarvegi, Þjóðvegi nr. 38 og að suðvestan af landamörkum Þúfu og Kröggólfsstaða.“

Breyting þessi á mörkum Ölfushrepps og Hveragerðisbæjar skal öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 17. október 1990.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Pórhildur Líndal.*